

Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Sauðafellskirkju að Kvennabrekku.

- 131**
15. sept. hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háeruverðugi herra, í brjefi, dags. 8. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, veitt leyfi til þess að söfnuðurinn í Sauðafellssókn í Dalaprófastsdæmi megi færa sóknarkirkju sína á Sauðafelli að Kvennabrekku, þó því að eins að næsti hjeradsfundur samþykki kirkjuflutninginn.
- Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslmannsins í Isafjarðarsýslu um endurgjald á

- 132**
23. sept. sveitarstyrk.

Ásgeiri H. P. Hraundal, sem fæddur er í Nauteyrarhreppi 13. júní 1888, var samkvæmt beiðni hans, eftir að af honum hafði verið tekin æfiferilsskýrsla, þann 8. febrúar 1918, til framfærslu honum og fjölskyldu hans, konu og 8 börnum á ómagaaldri, veittur styrkur, að upphæð kr. 277.60, úr sveitarsjóði dvalarsveitar hans, Kirkjuhvammshreppi.

Með brjefi, dags. 11. s. m., beiddist oddviti Kirkjuhvammshrepps viðurkenningar fæðingarhrepps Ásgeirs á sveitfesti hans og endurgreiðslu $\frac{2}{3}$ styrksins. Þessi krafa barst oddvita Nauteyrarhrepps í hendur í aprílmánuði og með brjefi, dags. 20. s. m., játuði oddvitinn að Ásgeir væri fæddur í Nauteyrarhreppi og sendi umkrafaða $\frac{2}{3}$ hluta hins veitta styrks, sem hann kallaði dýrtíðarlán, og það jafnframt um uppskrift á eignum Ásgeirs til þinglýsingar til tryggingar upphæðinni. Aftur var Ásgeiri veittur, á tímabilinu frá 27. mars til 15. apríl, 447,32 kr. styrkur af dvalarsveitinni og krafðist hún endurgreiðslu á honum að $\frac{2}{3}$ hlutum, sem endurgreiddir voru með brjefi oddvita Nauteyrarhrepps, dags. 18. nóv. 1918, og þar heldur hann enn fram, að hinu veitti styrkur sje dýrtíðarlán samkvæmt lögum nr. 26, 29. sept. 1917, 5. gr. og rjúfi ekki sveitfestisdvöl Ásgeirs í Kirkjuhvammshreppi, sem byrjað hafi 14. maí 1908 og sje fullnuð, þrátt fyrir hinn veitta styrk, 14. maí 1918 og væntir þess, að Nauteyrarhreppur verði ekki framar krafinn framfærslueyris fyrir Ásgeir. Oddviti Kirkjuhvammshrepps mótmælir þessum skilningi um hinn veitta styrk, er hann telur venjulegan sveitarstyrk og ennfremur telur hann, að Ásgeir hafi ekki haft löglegt heimilisfang í Kirkjuhvammshreppi fyr en allöngu eftir 14. maí 1908. Í brefi, dags. 20. júlí, beiddist oddviti Kirkjuhvammshrepps, »að viðkomandi stjórnarvöld úrskurðuðu hvar nefndur Ásgeir skyldi teljast sveitlögur«, en þrátt fyrir yfirlýsingu oddvita Nauteyrarhrepps í áður nefndu brjefi, dags. 18. nóv., vikið þjer, herra sýslumaður, yður hjá að leggja úrskurð á málið, en segið í brjefi, dags. 3. des. 1918, í þess stað: »Tel jeg liggja fyrir nægilega skýra yfirlýsingu um sveitfesti þurfalingsins í Nauteyrarhreppi er hjálpin var veitt, en öðru máli er að gegna um áhrif hins veitta á sveitfestisdvöl hans í Kirkjuhvammshreppi, en sú spurning liggur ekki fyrir til úrskurðar«. En þetta síðasta var þó atriðið sem aðaldeilan stóð um og úrskurða þurfti til leiðbeiningar fyrir málsaðilja.

Með brjefum, dags. 28. jan. og 18. febrúar þ. á., sendir oddviti Kirkjuhvammshrepps reikninga yfir styrk veittan þurfalingnum á tímabilinu frá 5. ág. 1918 til 17. febrúar þ. á., samtals að upphæð kr. 1271.91, er hann krefst endurgreiðslu á að fullu sökum dráttar á sveitfestisviðurkenningu og endurnýjar beiðni sína um yfirvaldsúrskurð. An þess að bera kröfur þessar undir oddvita Nauteyrarhrepps, sem og engi nauðsyn bar til, leggið þjer þann úrskurð á málið 12. mars þ. á., að styrk þann, er fyrst var veittur þurfalingnum »náí engri

átt að skoða sem dýrtíðarhjálp og skuli Nauteyrahreppur sakir dráttar á sveitfestisviðurkenningu greiða alla hina umkröfðu upphæð.

132
23. sept.

Það er viðurkennt í orði og verki af oddvita Nauteyrahrepps að þurfalingurinn var þar sveitfastur er hann fjekk styrk hjá dvalarsveit sinni. Um styrkinn sjálfan skal það tekið fram, að 5. gr. laga nr. 25, 1917, segir að lán veitt samkvæmt greininni skuli ekki talið sveitarstyrkur og þar af leiðandi ná ekki til slíkra lána reglur þær, er samkvæmt fátækralögum gilda um sveitarstyrk. Lögin gera ráð fyrir því að lánin sjeu veitt einstökum mönnum til þess að bjarga þeim frá því að komast á sveitarframfæri, en um öll slík lán urðu að gilda sömu reglur hvort heldur þau voru veitt þeim, er framfærslu áttu í hlutaðeigandi sveitarfjellagi eða þeim sem að eins áttu þar dvöl en framfærsluveit annarstaðar og í báðum tilfellum átti sveit sú, er styrkinn veitti, að eins kröfu til endurgjalds hjá lánþega sjálfum, sem og er ljóst af því, að lánin áttu ekki að teljast sveitarstyrkur. En jafnframt skal það tekið fram, að fyriræli 1. málsgreinar 5. gr. virðist að eins lúta að þeim styrk, sem framfærsluveit varð að láta mönnum þurfandi vegna dýrtíðarinnar í tje, því að 2. málsgrein 5. gr. mælir svo fyrir, að um framlög, sem dvalarsveit verður að leggja þurfamönnum, fari eftir ákvæðum gildandi laga, það er fátækralaganna. Ákvæðum fátækralaganna um styrk dvalarsveitar til utan-sveitarþurfalinga var því á engan hátt raskað með nefndu lagabóði, þótt dvalarsveit hefði auðvitað verið heimilt að veita utansveitarþurfalingum lán, en skyldu hafði hún ekki til þess.

Það er því ekki vafamál að styrkur sá, er Asgeiri var veittur af Kirkjuhvammshreppi rauf sveitfestisvinsludvöl hans þar. En spurningin er þá um það, hvort framfærsluveitin er skyld að endurgreiða að fullu áðurnefndar kr. 1271.91. En svo verður ekki álitid. Framfærsluveitin gerðist ekki brotleg gegn 68. gr. fátækralaganna, þótt oddvitinn misskildi ákvæði 5. gr. laga nr. 25, 1917. Þegar er oddvita Kirkjuhvammshrepps barst brjef oddvita Nauteyrahrepps frá 20. apríl 1918 hefði fyrnefndum oddvita, ef hann hefði óskað þurfamanninn og fjölskyldu hans flutta á framfærsluveit þeirra, verið innan handar hjá sýslumanni sínum að krefjast vegabryjfs fyrir fjölskylduna. En ósk um þetta ljét oddviti Kirkjuhvammshrepps aldrei í ljós nje um flutning þurfamannsins.

Samkvæmt framansögðu úrskurðast því hjermeð að Nauteyrahreppur, framfærsluveit ofangreinds Asgeirs H. P. Hraundals, endurgreiði Kirkjuhvammshreppi $\frac{2}{3}$ hluta af kr. 1271.91 með kr. 847.94, en veri laus við frekari kröfur í þessu máli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Nauteyrahrepps og ber yður að sjá um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

Reglugjörð

133
10. febr.

um innflutning og sölu á kornvöru.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 5, 1. nóvember 1917, um heimild fyrir landstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurlánufríðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi fyriræli: